

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
8. fundur þriðjudaginn 9. apríl 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis

F U N D A R G E R ð

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Markmiðsákvæði frumvarps.

Fyrir fundinn var send tillaga að markmiðsákvæði og bakgrunnsefni úr alþjóðasamningum og stjórnarskrám og kosningalögum annarra ríkja. Rætt og ákveðið að einfalda tillöguna þannig að hún hljóðaði svo: „*Markmið laga þessara er að styrkja virkt lýðræði með því að stuðla að trausti á framkvæmd kosninga og tryggja beinar, frjálssar og leynilegar kosningar.*“ LHG vinnur skýringar við ákvæðið.

3. Breyting á ákvæðum um aðstoð fyrir fatlað fólk.

Fundarmenn höfðu fengið sendar skýringar og samantekt um norrænan rétt ásamt tillögu að breyttu aðstoðarákvæði. Ákveðið að LHG einfaldi ákvæðið enn frekar og geri það eins opið og aðgengilegt að fá aðstoð og mögulegt er – í grunninn þannig að kjósandi kemur með aðstoðarmann með sér á kjörfund og hann fær að fylgja honum í kjörklefa án skilyrða.

LHG kannar einnig atkvæðagreiðslu í heimahúsi og hversu mikið það úrræði hefur verið nýtt hjá Sýslumanninum í Reykjavík.

4. Hlutverk landskjörstjórnar – upplýsingar frá Svíþjóð og Noregi.

LHG skýrir frá nýjum upplýsingum um verksvið, bakgrunn, stjórn og umfang norsku og sænsku kosningastofnunarinnar (farið yfir uppfærðar glæsur).

Rætt um hvaða þýðingu það hefur að landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir kjördæma eru pólitísk kosnar af Alþingi. Þrjú möguleikar í stöðunni til að koma fyrir kosningatengdum verkefnum; sjálfstæð stofnun, kosningatengd verkefni færð til annarrar stofnunar t.d. Þjóðskrá Íslands eða verkefnið styrkt hjá dómsmálaráðuneyti. BH, ÞV og LHG útfæra betur tillögur á vinnufundi í næstu viku.

5. Fundur með nefnd um frv. til heildarlaga um starfsemi stjórnmalasamtaka.

BH skýrir frá fundi sem ÞV og LHG áttu með nefnd sem vinnur að frumvarpi til heildarlaga um starfsemi stjórnmalasamtaka en þar sitja allir framkvæmdastjórar stjórnmalaflokka auk fulltrúa forsætisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. BH og ÞV kynntu verkefni starfshóps um endurskoðun kosningalaga og kaflinn úr tillögum frá 2016 um skráningu stjórnmalasamtaka og úthlutun listabókstafa var kynntur og afhentur fundarmönnum sem tillaga inn í vinnu þeirra hóps. Á fundinum var m.a. rætt um að lögfesting þessarar tveggja frumvarpa um kosningar og starfsemi stjórnmalasamtaka þyrfti jafnvel að fara saman. Það verður að koma í ljós þegar nær dregur hvort það er raunhæft en t.d. er skiladagur þessara tveggja starfshópa ekki sá sami.

6. Önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2019. BH, ÞV og LHG hittast á vinnufundi 16. apríl til að skipuleggja framhald vinnunnar.

Fundi slitið kl. 9:50.